

Fundur Epsilondeildar haldinn 13.10.2012 í Sveitabúðinni Sóleyju.

Rósa Marta formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Bauð síðan fundarkonur velkomnar. Við vorum 13 mættar.

Rósa sagði frá fundi sem hún og Gunnvör fóru á fyrr í haust til Reykjavíkur.

Ingibjörg las fundargerð síðasta fundar. Umræður spunnust um omega og hörfræjarolíu.

„Menntun, skemmtun, fegurð og flótti eru orð sem okkur hugnast,” sagði Rósa. Hún sagði að fundirnir yrðu um huga og hönd en fram að áramótum yrðu það framandi lönd.

Pálína flutti orð dagsins. Þau voru um söng og heilsubót. Umræður sköpuðust um söng hjá eldri og yngri og hvaða áhrif hann hefði. Sögur um gleði sem hann veitir fólki. Okkur var bent á elligledi.is Töluðum um að syngja meira saman, höfum t.d. kórstjóra í okkar röðum.

Rósa tilkynnti að Eydís Katla yrði gjaldkeri utan stjórnar.

Erindi dagsins flutti síðan Margrét Pálína – Maddý. Það fjallaði um Kúbudvöl hennar en hún fór um síðustu jól til Kúbu á vegum VÍK. Þar bjó hún í litlum þorpsbúðum ásamt fólki frá Norðurlöndunum.

Hún sagði okkur m.a. sögu Kúbu og hversu Spánverjar voru vondir nýlenduherrar. Hún sýndi okkur ýmsa muni frá Kúbu, föt töskur og fleira. Hún las síðan frásögn af ferðinni og dvölinni á Kúbu. Einnig rifjaði hún upp byltinguna árið 1959 og ástæður hennar. Sagði að byltingin væri ekki búin, enn væri verið að byggja upp og mennta. Markmiðið var að allir yrðu læsir á eyjunni en ólæsi var mikið.

Frásögn Maddýjar var mjög fróðleg og skemmtileg. Hún veitti okkur aðra sýn en fjölmiðlar gefa okkur um lífið á Kúpu. Svo sagði hún okkur frá dansinum þar. Í blálökin fræddi hún okkur á að Kúbverjar hafa aðstoðað fólk sem lenti í Tjernobilslysini svo og slökkviliðsmenn sem unnu við turnana tvo og fengu ekki aðstoð heima fyrir. Maddý sagðist hafa tapað hjarta sínu til Kúbu.

Kannski ættum við að fara á Kúbukvöld á Tapasbarnum með vorinu.

Fundi var slitið og síðan var snædd dásamleg súpa – kaffi drukkið og konfekt etið. Happraðtið góða var og mikið spjallað m.a. um ferðalög.

Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir.